



Atvinnumálaráðuneytið

Nordiska ministerrádet
Ved Stranden 18
1061 Köpenhamn
Danmark

Svar við skriflegri fyrirspurn E 3/2018 frá Norðurlandaráði um rannsóknir á örplasti í drykkjarvatni

Lars Tysklind og Karin Gaardsted í Norðurlandaráði beindu eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:

1. Hefur verið hrint af stað eða ráðgera stjórnvöld að hrinda af stað rannsóknum til að kanna hvort örplast finnist í drykkjarvatni á Norðurlöndunum?
2. Fer fram samstarf milli Norðurlandanna um mæliaðferðir svo tryggja megi gæði og samanburðarhæfni niðurstaðna?

Fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda veiti ég eftirfarandi svör við fyrirspurninni:

Vatnsgæði og örplast eru málefni sem ríkisstjórnir Norðurlanda telja vera mjög mikilvæg. Sem dæmi má nefna að þessi málefni voru meginþema á fundi norrænu umhverfismálaráðherranna 2. maí 2017. Vægi þessara mála hefur ekki minnkað síðan. Öll Norðurlöndin eru meðvituð um málið. Flest norrænu landanna hafa annað hvort nýverið látið fram fara eða eru að hefja rannsóknir á örplasti í drykkjarvatni á árinu 2018 til að auka þekkingu á magni og einnig í sumum landanna hugsanlegri áhættu sem tengist örplasti í drykkjarvatni.

Engar upplýsingar liggja fyrir um formlegt samstarf stjórnvalda á Norðurlöndum varðandi notkun mæliaðferða fyrir örplast. Hins vegar kemur fyrir að stjórnvöld og háskólar á Norðurlöndum hafi tengsl og eigi samstarf t.d. innan ramma verkefna sem þróa mæliaðferðir fyrir örplast.

Stokkhólmi, 15. mars 2018

Sven-Erik Bucht